

hinn ríkismaðinn, líta eftir hvaða brauð losni, og renna vonar-
augum til dómkyrkjunnar. Sama skrafið, heppinn var hann að
ná í dóttur biskupsins, biskupskerran er bæði vönduð og dýr, og
bezt til fara gengur biskupsfrúin í Lundúnum. Og háðungar-
leikur! Öll stólsmaelskan, þar sem verið er að útmála æðra
hugsjónalíf, fegurð kristindómsins, er, þegar til alls kemur, að
eins bragð og krókur til að ná í það, sem þeir sjálfir forðama-
Um fátæklinga og auðnuleysinga heimsins er minna hugsað. Þeir
eyða árum og æfi í þrotlausu sliti og striti. Hve fagurt væri þó
ekki að geta rétt þeim mýkjandi hjálparhönd!

Það sem prestur gæti þó gjört, ef hann að eins vildi skilja
þarfir auðnuleysingjanna! Hvað manni býður við prédikunum
eins og þær eru! Vegna hvers eru menn alt af að lemja þann
hálm, sem löngu er þresktur, eins og uppskeran er þó mikil og
alt af ný, er bíður verkamannanna? Er það af leti eða heimsku
eða af hverju er það? Þegar eg hugsu um þetta verk, þá finst
mér að eg gæti unað við það alla æfi. Eg er ekki þeim gáfum
gæddur, að skapa nýjar skoðanir, en að ryðja þeim braut. . . .
og svo hefi eg líka verið svo mikið á meðal þeirra allslausu. Og
þrátt fyrir alla þeirra fávísi og galla, get eg ekki annað en elsk-
að þeirra einlægu einfeldni jafnvel svo að mér finst eg gæti sagt
í orðum Bænabókarinnar, að eg finði hjá mér köllun til að gjör-
ast kennimaður þeirra. En samt, en samt.

Vertu sæll og fyrirgefðu. Þinn vinur, M. Sutherland.

HEIMIR

12 blöð á ári, 24 bls. í hvert sinn, auk kápu og auglýsinga.

Kostar **einn dollar** um árið. Borgist fyrirfram.

ÚTGEFENDUR: NOKKRIR ÍSLENDINGAR Í VESTURHEIMI.

Afgreiðslustofa bladsins: 582 Sargent Avenue.

RITSTJÓRI: Rögnvaldur Pétursson, 533 Agnes Street.

PRENTARI: Gísli Jónsson, 582 Sargent Ave.